

Menntun og mannækt

Njarðvíkurskóli



Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2014-2015

1. Inngangur	3
2. Sjálfsmat.....	3
2.1 Tilgangur matsins.....	3
2.2 Rökstuðningur	4
2.3 Lesendur	4
3. Um skólann	4
3.1 Lýsing á skólanum	4
3.2 Stefna skólans.....	4
3.2.1 Menntun	4
3.2.2 Mannrækt	4
3.2.3 Markmið	5
3.2.4 Leiðir	5
3.3 Stjórnun	5
3.4 Nám og kennsla.....	6
3.5 Námsmat.....	6
3.6 Agamál	7
3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun.....	7
3.8 Foreldrasamstarf.....	7
3.9 Skólanámskrá	8
4. Viðmið við matið.	8
5. Sjálfsmatsaðferðir.....	8
5.1 Matstæki	8
5.1.1 Nemendakannanir.....	8
5.1.3 Foreldrakannanir	10
6. Niðurstöður.....	10
6.1 Stefnumörkun og stjórnun.....	10
6.2 Upplýsingastreymi	12
6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna	13
6.4 Nemendur – árangur og líðan.....	14
6.4.1 Niðurstöður úr Skólapúlslinum 2014-2015.....	14
6.4.2 Samræmd próf:	18
6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir	19
6.4.4 Agamál – líðan - einelti	21
6.5 Kennsluáðferðir og mat.....	25
6.6 Samskipti við foreldra	26
7. Aðgerðaáætlun	28
7.1. Umbætur 2014-2015:	28

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2014-2015. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem þegar hafa orðið til. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans, stefnu Reykjaneshæjar í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslu og gildir hún frá 2013-2016 en er þó endurskoðuð í lok hvers skólaárs með tilliti til niðurstaðna sjálfsmats.

2. Sjálfsmat

2.1 Tilgangur matsins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans 2008 uppfyllti Njarðvíkurskóli öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst sá að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megintilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

2.2 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grunvelli 35. greinar með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu skólans.

3. Um skólann

3.1 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2014-2015 voru 388 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð þroskahömluðum nemendum og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

3.2 Stefna skólans

Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.

3.2.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

3.2.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

3.2.3 Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru ennfremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi.
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.
- þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- verði færir um að meta stöðu sína í námi.
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

3.2.4 Leiðir

Með því að:

- leggja rækt við það góða í manneskjunni,
- sýna umburðalyndi,
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum,
- leggja áherslu á jákvæðan aga,
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina,
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur,
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk,
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt,
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda,
- þjálfa tjáningu og framsögn.

Stefna skólans tekur einnig mið af skólastefnu Reykjanesbæjar þar sem kemur m.a. fram að: „Hlutverk skóla er fræðsla og mannrækt. Markmið skólastarfs er að stuðla að persónulegum og félagslegum þroska allra nemenda og gera þá færa um að taka ábyrgan og skapandi þátt í síbreytilegum heimi utan skólans. Til að þetta megi takast þarf skólinn m.a. að leggja áherslu á viðfangsefni sem stuðla að gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og ábyrgð í námi, námstækni og skipulögðum vinnubrögðum og góðri umgengni ásamt samvinnu og samhjálp.” (<http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/stefnumotun/skolastefna-reykjanesbaejar/> sótt: 04.12.2012 af heimasíðu RNB)

3.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda. Við skólann starfar námsráðgjafi í 80% starfi. Ýmis teymi kennara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem lestrarteymi, umhverfisteymi, PBS teymi, eineltisteymi, námsmatsteymi, jafnréttisteymi, áfallateymi, jóla- og árshátíðarnefnd o.fl. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði, kennarafundir tvisvar sinnum í mánuði og deildarfundir einu sinni í mánuði. Nemendaverndarráð er skipað stjórnendum skólans, sérkennurum skólans, námsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og kennsluráðgjafa frá

Fræðsluskrifstofu RNB. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðamálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð og fundar skólastjóri reglulega með því, einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

3.4 Nám og kennsla.

Í Njarðvíkurskóla eru 10 árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir. Í 9. og 10. bekk kemur 3 kennarinn inn í íslensku og stærðfræði vegna fjölmennis í árgangi og er þriðji hópurinn hafður fámennari sem sérkennsluhópur til að tryggja það að allir nemendur fái verkefni við hæfi og þann stuðning sem þau þurfa í námi. Einnig kemur þriðji kennarinn inn í 1-2 tíma í ensku og dönsku í þessum árgöngum og tekur út fámenna hópa í stuðningskennslu. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í áttunda til tíunda bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku og geta einnig sótt tiltekna valgreinar Fjölbrautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun og starf með björgunarsveit metið sem val. Í heimilisfræði, list- og verkgreinum er bekkjum skipt í tvo hópa.

3.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu og hugsu þarf um það sem leiðarvísir í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda og hjálpa nemendum við að setja sér áframhaldandi markmið í náminu. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati er nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að beri ábyrgð á eigin námi. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Símat er á vinnu nemenda allan veturinn en með símati metur kennarinn færni nemenda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt. Helstu áherslu í símati eru:

- Verkefni, ritgerðir, vinnubrögð og frágangur
- Vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skil á heimavinnu
- Kannanir og próf
- Mat á hópavinnu og samstarf/samvinna
- Sjálfsmat nemenda og jafningjamat.

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum og matið fer fram í verkefnabók á Mentor og eru niðurstöður teknar saman í lok hvorrar annar.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er tvær annir og er formlegur vitnisburður í janúar og maí/júní. Á foreldradegi á haustönn er farið yfir markmiðssetningu nemenda og alhliða námsmat þar sem foreldrar og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Sundurliðun námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram í verkefnabók hvers nemenda á Mentor. Námsmatsteymi tók til starfa þetta skólaár og vannur að innleiðingum nýrra verka úr nýrri Aðalnámskrá grunnskóla s.s. lykilhæfni og námsmat nemenda í 10. bekk eftir nýju matskerfi (A-B-C-D). Einnig vannur námsmatsteymið að samræmingu á námsmati í skólanum.

Einkunnir nemenda í 2. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok hvernar annar. Nemendur í 1. bekk fá vitnisburðarblöð í lok skólaárs. Notaðar eru tölur (gefið í heilum og hálfum), orð og/eða umsagnir. Leshraðaeinkunn er gefin í atkvæðum á mínútu. Lesskilningseinkunn er gefin í tölum. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 300 orð á mínútu. Stuðst er við viðmið úr Fluglæsi og þau markmið sem sett voru fram í Lestrarstefnu Njarðvíkurskóla sem kom fyrst út að hausti 2011.

3.6 Agamál

PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (Positive Behavior Support) eða *Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun*. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra.

Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vannur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfa í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vannur eftir sérstökum verkferlum sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlsinum varðandi einelti.

3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvíkurskóla starfa 74 starfsmenn þar af 30 kennarar, 1 sérkennari, 4 leiðbeinendur, þroskaþjálfar og iðjuþjálfar, 13 stuðningsfulltrúar, 5 gangaverðir/starfsmenn skóla, skólaritari, umsjónarmaður, bókaýrður, umsjónarmaður frístundaskóla og starfsmenn frístundaskóla, deildastjórar sérdeildanna Björk og Ösp auk skólastjórnenda. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vannur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

3.8 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að foreldrar séu sáttir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánú samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s jólafundri. Bekkjarfulltrúar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtunum.

3.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli Aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók.

Skólanámskráin er endurskoðuð árlega og er hún birt á heimasíðu skólans.

4. Viðmið við matið.

Í „Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla“ kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtalдар matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

5. Sjálfsmatsaðferðir

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir foreldra, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfakönnunum og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleikann og stuðla að umbótum á því sem metið er.

5.1 Matstæki

5.1.1 Nemendakannanir

-**Skólapúlsinn** er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk

eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningakvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í fjóra hópa sem taka könnunina á mismunandi tíma á skólaárinu, þ.e. í október, desember, febrúar og apríl. Svörun í Skólapúlsinum í ár var 91,1% eða alls 194 nemendur af 213.

-Leið til læsis, skimun lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar. Eftirfyllgniþróf lögð fyrir nemendur í 2.-4. bekk. Niðurstöður kynntar foreldrum og í framhaldi unnið með þá þætti sem koma ekki vel út hjá nemendum.

-Læsi, lestrarskimun fyrir 2. bekk, lögð fyrir af umsjónarkennurum og niðurstöður sendar á FRÆ. Skýrsla gefin út með niðurstöðum. Í framhaldi vinna kennarar með niðurstöðurnar fyrir hvern einstakling.

-Logos – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk, niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

-Talnalykill – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk. Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður nýttar til að skoða hversu vel nemendur eru staddir í grunnatriðum stærðfræðinnar miðað við markmið árgangs.

-Lestrarstefna Njarðvíkurskóla, markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja hraðapróf fyrir nemendur á ákveðnum tímasetningum og færa niðurstöður þeirra í exelskjöl sem eru aðgengileg stjórnendum. Einnig leggja kennarar fyrir lesskilningspróf (Orðarún) og eru niðurstöður þeirra skráðar í sambærileg skjöl. Deildastjórar taka saman niðurstöður og skoða árangur hvers hóps sem og árangur milli prófa.

-Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk frá Námsmatsstofnun. Lagt fyrir í september ár hvert, niðurstöður sendar heim með nemendum og prófin eru greind af kennurum og í framhaldi gerð aðgerðaráætlun bæði fyrir hópinn sem og einstaklinga. Niðurstöður greiningar kynntar kennurum á yngri stigum.

-Námsmat í lok annar, kynnt nemendum og foreldrum.

5.1.2 Starfsmannakannanir

-Skólapúlsinn. Í annað sinn leggjum við nú fyrir starfsmannakönnun hjá Skólapúlsinum þar sem kannað er almennt um starfið og starfsumhverfi, mat og endurgjöf og endur- og

símenntun. Svarhlutfall þetta skólaárið var 81.7% sem er lakari þátttaka en í fyrra en þá var svarhlutfall 93,2% hjá starfsmönnum.

-Þarfagreining PBS. Lögð fyrir starfsfólk að vori til að kanna stöðu verkefnisins í skólanum. Lögð fyrir af PBS teyminu. Niðurstöður kynntar að hausti næsta skólaár.

-Starfsmannasamtöl í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

-Kaffihúsafundur. Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, starfsaðstöðu og líðan/samskipti starfsfólks.

-Stjórnendaheimsókn í kennslu. Stjórnendur skiptu með sér að fylgjast með kennslu hjá kennurum og gefa endurmat á kennslu á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt eftir áhorf.

-Endur- og símenntunaráætlun

5.1.3 Foreldrakannanir

-Námskynningarfundir, foreldraviðtöl, foreldrasamstarf. Talning á mætingu og samtekt á athugasemdum og ábendingum sem fram koma í viðtölum við nemendur og foreldra

-Foreldrakönnun í tengslum við foreldradag í janúar lögð fyrir foreldra nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Alls var svarað fyrir 23 nemendur í 3. bekk af 30 nemendum, 29 nemendur í 6. bekk af 31 nemanda og 40 nemendur í 9. bekk af 57 nemendum.

-Skólapúlsinn. Í þriðja sinn leggjum við nú fyrir foreldrakönnun Skólapúlssins þar sem kannað er nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimaþjónusta. Búið er til foreldra úrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Fjöldi þátttakenda í Njarðvíkurskóla var 123. Fjöldi svarenda var 100 og svarhlutfall 81,3%. Þættir sem eru kannaðir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.

4. Mat á skólanámskrá. Skólaráð fer yfir og gefur umsögn áður en skólanámskrá er send á Fræðsluskrifstofu og Fræðsluráð Reykjanesbæjar auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans.

6. Niðurstöður


Hér verður greint frá niðurstöðum matsins. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar.

6.1 Stefnumörkun og stjórnun


Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kemur fram að 98,2% starfsmanna bera traust til yfirmanns og þegar niðurstöður allra þátta varðandi stjórnun skólans eru teknar saman þá eru þær yfir landsmeðaltali eða 5.6 stig en landsmeðaltal er 5,0 (sjá mynd).


3.3. Stjórnun skólans – Kennarar og annað starfsfólk



Á matsdegi í janúar 2015 svöruðu 89% foreldra því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans. Einnig voru rúm 94% foreldra mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórndur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið en það eru svipaðar niðurstöður og á síðasta skólaári. Þá telja 91% foreldra að skólinn taki tillit til athugasemda og óska foreldra.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins svara 93,2% foreldra að þeir séu ánægðir með stjórnun skólans sem er rétt yfir landsmeðaltali en það var 91,1% (sjá mynd). Þetta er þó aðeins lækkun frá fyrra ári. Mest er ánægja hjá foreldrum á yngsta og miðstigi en lækkar á unglingastigi og fer þá niður fyrir landsmeðaltal.




Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Almenn ánægja með stjórnun skólans hjá starfsmönnum, bæði almennum starfsmönnum og kennurum samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins
- Við samantekt á starfsmannasamtölum eru starfsmenn ánægðir í starfi í Njarðvíkurskóla
- Almenn ánægja er hjá foreldrum með stjórnun skólans sem kemur fram bæði í Skólapúlsinum sem og í viðhorfsskönnun frá janúar.
- Skoðað þarf ástæðu þess að foreldrar á elsta stigi eru ekki eins ánægð með stjórnun skólans eins og á yngsta og miðstigi.


6.2 Upplýsingastreymi

Niðurstöður foreldrakönnunar frá foreldradegi í janúar sýna að 99% foreldra eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingastreymi frá skólanum sé gott sem eru svipaðar niðurstöður og í fyrra. 1% foreldra eru frekar ósammála eða mjög ósammála því að upplýsingastreymi sé gott, aðrir svara hvorki né.

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru starfsmenn spurðir hvort þeir fái þær upplýsingar sem varða þá sem og almennt um upplýsingastreymi. Starfsmenn telja í 98% tilvika að upplýsingastreymi í skólanum sé gott (sjá mynd). Sama niðurstaða er þegar spurt er hvort starfsmenn telji sig fá þær upplýsingar sem snerta starfsvið þeirra. Þá eru 83,6% starfsmanna mjög eða frekar sammála því að fá nauðsynlegar upplýsingar og fræðslu í upphafi starfstíma.



Í heild þegar allir þættir um upplýsingastreymi er tekið saman þá raðast Njarðvíkurskóli í efsta sæti hjá þeim skólum sem eru með 1.-10. bekk og með yfir 320 nemendur í skólanum (sjá mynd).




Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar eru mjög ánægðir með upplýsingastreymi sem þeir fá frá skólanum
- Starfsmenn eru einnig mjög ánægðir með upplýsingastreymi innan skólans
- Niðurstöður úr starfsmannasamtölum styðja við þessar niðurstöður
- Tölvupóstur er notaður til upplýsingar og samskipta og virðist það virka vel. Þá eru einnig góðar upplýsingar á heimasíðu skólans um skólastarf.
- Á síðasta skólaári kom fram í niðurstöðum að margir starfsmenn upplifa vöntun á upplýsingum við upphafi starfstíma og var brugðist við því með útgáfu upplýsingarrits sem starfsmenn fengu afhent í upphafi starfsárs svo nú í ár kemur þessi þáttur betur út.

6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna


Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er nokkrar spurningar um líðan starfsmanna og starfsanda sem gefa góða mynd af því að starfsandi í skólanum sé mjög góður. Alls mælist skólinn með 5,9 stig en landsmeðaltal er 5,1. 91,3% starfsmanna svara því að það sé góður starfsandi í skólanum og 97,4% kennara svara að í heildina eru þeir mjög eða frekar ánægðir í starfi.



Starfsmannasamtöl eru í upphafi skólaárs þegar kennarar fara yfir vinnuramma og vinnuskýrslur og svo aftur í febrúar/mars á hverju ári. Fyrir starfsmannasamtal í febrúar/mars fá starfsmenn undirbúningsblað með spurningum sem þeir eru beðnir að ígrunda áður en þeir koma til viðtalsins. Spurningarnar varða það sem vel hefur tekist í skólastarfinu, það sem menn telja að þurfi að bæta, samstarf og líðan á vinnustað og hvernig til hefur tekist með

umbóta/þróunarverkefni skólans. Stjórnendur skoða niðurstöður úr viðtölum og bregðast við því sem betur má fara. Ef skoðaðar eru niðurstöður úr starfsmannasamtölum kemur í ljós að starfsmenn eru ánægðir í starfi við skólann, líður vel í starfi og eiga gott samstarf við allflesta starfsmenn. Mikill meirihluti starfsmanna telur gagnsemi þessara starfsmannasamtala mikla eða 100% sem eru mjög góðar niðurstöður.

2.8. Gagnsemi starfsmannaviðtals – Kennarar og annað starfsfólk*



Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Niðurstöður í Skólapúlsinum sýna að starfsmönnum líður vel í starfi og að starfsandi í skólanum er mjög góður
- Allir starfsmenn eru mjög ánægðir með starfsmannasamtöl og telja sig hafa mikið gagn af þeim.

6.4 Nemendur – árangur og líðan

Foreldraviðtöl eru þrisvar sinnum á skólaárinu og mæta foreldrar vel í þessi viðtöl. Í foreldraviðtali í október er farið yfir líðan og hegðun og svara nemendur spurningarlista fyrir viðtalið sem kennarar taka saman. Deildastjórar taka saman heildarniðurstöður fyrir skólann og kynna þær niðurstöður á deildafundi. Mikill meirihluti nemenda líður alltaf eða oft vel í kennslustundum.

6.4.1 Niðurstöður úr Skólapúlsinum 2014-2015


Fyrsta starfsár Skólapúlsins, 2008-2009 var forprófunarár vegna þess að takmarkaður aðgangur var að gögnum til að stilla af kvarðana í spurningalistanum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum.

Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólapúlsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.


1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	193	5,0	16.992	-0,2*
1.2. Þrautseigja í námi	5,7	192	5,6	16.996	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	6,0	194	5,5	16.985	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,0	194	4,9	16.981	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	194	4,9	16.993	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,6	194	4,7	17.001	-0,1

Nemendur í Njarðvíkurskóla mælast undir landsmeðalali í ánægju í lestri. Séu niðurstöður skoðaðar úr frá muni á kynjum sést að drengir eru að mælast mikið lægra en stúlkur.




Í öðrum þáttum eru nemendur yfir landsmeðaltal eða alveg við það. Nemendur í Njarðvíkurskóla halda áfram að koma vel út í áhuga á stærðfræði og munar þar um 0,5 stig. Það eru stúlkur að koma herra út í mælinum á áhuga á stærðfræði en drengir eins og sjá má á mynd.




2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,8	194	5,0	16.980	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,7	193	5,0	16.943	-0,3*
2.3. Vellíðan	4,5	193	4,6	16.946	-0,1
2.4. Einelti	5,6	193	5,3	16.947	0,3
2.5. Tíðni eineltis	13,4%	26 _{/194}	10,3%	1742 _{/16895}	3,1%
2.6. Staðir eineltis	-	25	-	-	-
2.7. Hreyfing	71,9%	138 _{/192}	70,5%	11746 _{/16655}	1,4%
2.8. Mataræði	4,8	194	5,0	16.942	-0,2

Í spurningarþættinum um líðan og heilsu eru nemendur í Njarðvíkurskóla að koma lægra út í mælingum en landsmeðaltal í öllum þáttum. Helst er það að nemendur upplifa ekki að þeir hafi stjórn á eigin lífi og eru það sérstaklega stúlkur sem upplifa það (sjá mynd).




Einnig mælist einelti hærra hjá nemendum í Njarðvíkurskóla en á landsmeðaltali en niðurstöður úr nemendakönnun samræmast ekki niðurstöðum úr foreldrakönnun og þarf að kanna það betur. Ekki munar þó miklu á svörum hjá strákum og stelpum.



3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	194	4,9	16.908	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,5	194	5,5	16.935	0,0
3.3. Agi í tímum	4,8	193	5,1	16.924	-0,3*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,5	193	5,4	16.896	0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,1	194	5,0	16.906	0,1

Í þriðja þætti Skólapúlsins er spurt um skóla- og bekkjaranda. Nemendur í Njarðvíkurskóla eru við landsmeðaltal í öllum þáttum nema í spurningum um aga í tímum en þar eru þær 0,3 stig undir. Spurningar sem liggja að baki í þessari mælingu eru t.d. kennari þarf að bíða lengi eftir að nemendur róist, nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir, nemendur geta ekki unnið vel, það er hávaði og óróleiki og nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.



Samantekt á styrkleikum og veikleikum:


- Mikilvægt er að bregðast við áhuga nemenda á lestri. Var þessi punktur umræðuefni á kaffihúsafundi starfsmanna á starfsdögum eftir skólaslit þar sem við leituðum leiða til úrbóta.
- Sérstaklega þarf að skoða áhuga drengja þar sem þeir eru að mælast lægri bæði í áhuga á lestri sem og áhuga á stærðfræði.
- Áhugi á stærðfræði hjá nemendum góður og mikilvægt er að halda því áfram.
- Þarf að skoða vel þá þætti sem mælast lágt í líðan og heilsu.
- Niðurstöður af foreldrakönnun og nemendakönnun samræmast ekki og eru þessar tölur langt fyrir ofan tilkynnt einelti til eineltisteymis. Mikilvægt er að kennarar taki umræðu í bekkjum varðandi einelti og hvetja þá nemendur sem upplifa sig að vera lagðir í einelti að segja frá

- Þarf að skoða með nemendum hvað er hægt að gera í því að agi í tímum sé góður. Nemendur í 10. bekk eru sérstaklega að upplifa skort á aga í tímum en niðurstöður hjá þeim árangri samræmast niðurstöðum Skólapúlsins í fyrra

6.4.2 Samræmd próf:

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk taka samræmd próf árlega í íslensku, stærðfræði og ensku (10. bekkur). Námsmatsstofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í þessar niðurstöður, sérstaklega er rýnt í framfarastuðul hvers og eins nemenda og með breytingu á samræmdu prófunum í 10. bekk árið 2009 kom í fyrsta skipti framfarastuðull hjá nemendum í 10. bekk frá samræmda prófinu í 7. bekk. Þá er normaldreifð einkunn sem er frá 0-60 með 30 sem landsmeðaltal skoðuð og hvernig hún kemur út milli ára.

Eftirfarandi niðurstöður voru á samræmdu prófunum skólaárið 2014-2015:



Eins og hér má sjá eru nemendur í Njarðvíkurskóla yfir landsmeðaltali í 6 prófum af 7 og er það aðeins stærðfræðin í 10. bekk sem nær ekki landsmeðaltali en er þó rétt við.

4. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014
Íslenska	27,18	28,1	29,0	42,7
Stærðfræði	33,19	32,23	32,5	40,7

Í ár stóðu nemendur sig frábærlega og náðu mjög góðum árangri. Í skýrslu Námsmatsstofnunar kemur fram að nemendur í 4. bekk Njarðvíkurskóla voru í 2 sæti yfir hæstu einkunn í íslensku og stærðfræði af öllum skólum á landinu (sjá http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/samramd_prof/skyrsla_nidurstodur_2014.pdf).

7. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014
Íslenska	25,28	30,63	25,88	33,2
Stærðfræði	26,68	34,35	35,42	33,0

Nemendur í ár eru yfir landsmeðaltali á báðum fögum sem er gott. Ef framfarastuðull frá 4. bekk er skoðaður þá má sjá að enginn nemandi er að sýna umtalsverðar framfarir en 6 nemendur sýna framfarir meira en almennt gerist í íslensku en enginn í stærðfræði. Flestir nemendur eru með framfarir svipað og almennt gerist sem segir okkur að þau eru að halda sínu striki.

10. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014
Íslenska	26,3	30,03	31,8	30,2
Stærðfræði	26,8	31,71	31,6	29,4
Enska	26,6	30,72	31,2	31,1

Nemendur voru yfir landsmeðaltali í íslensku og ensku en rétt við það í stærðfræði. Miðað við síðasta ár erum við þó að lækka aðeins í öllum fögum. Flestir nemendur voru að sýna framfarir svipað og almennt gerist en nokkrir voru með meiri framfarir en almennt gerist eða 5 í íslensku og 4 í stærðfræði frá prófunum í 7. Bekk. Enginn nemandi var með umtalsverðar framfarir.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum

- Árangur í samræmdu prófunum var mjög góður þar sem við erum yfir landsmeðaltali í 6 prófum af sjö.
- Þurfum að skoða vel nemendur í 4. bekk þar sem þar eru greinilega margir sterkir námsmenn sem þurfa þá að fá nám við hæfi.
- Í framfarastuðli þá eru flestir nemendur að sýna framfarir eins og almennt gerist en fáir að sýna meira og enginn umtalsverðar.
- Stjórnendur og kennarar skoða vel niðurstöður samræmdra prófa með tilliti til þess hvar við erum að gera vel og hvar er sóknarfæri. Niðurstöður eru kynntar öllum starfsmönnum skólans og skólaráði.
- Mikilvægt að halda áfram þessum góða árangri sem nemendur eru að sýna og fara vel yfir hvað hægt er að bæta þar sem einkunn lækkar.
- Æfingarpróf var lagt fyrir að vori og unnið úr því með því að skoða hvaða þætti þyrfti að bæta fyrir prófin. Þetta fyrirkomulag gerir kennara meðvitaðri um hvaða þætti þarf að leggja áherslu á. Niðurstöður æfingarprófa kynntar kennurum í næstu árgöngum svo þeir geti nýtt í sinni kennslu.

6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 2. bekk taka lesskimunarpróf (Læsi) á sama tíma árlega (á vorönn). Kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæ fer yfir niðurstöður allra skóla á svæðinu og sendir niðurstöðurnar í skýrslu til skólanna. Þessi próf gefa vísbendingu um þá nemendur sem þurfa frekari stuðning í lestri.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður Njarðvíkurskóla á hlutfalli læsra nemenda samanborið við Suðurnes, Reykjanesbæ og Reykjavík.

Meðaltal	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Njarðvíkurskóli	61,14%	67,04%	77,1%	82,67%	67,87%	71%
Suðurnes	65,97%	69,35%	73,23%	70,89%	70,30%	vantar niðurst.
Reykjanesbær	68,88%	73,58%	75,26%	72,23%	71,40%	Vantar niðurst.
Reykjavík	72%	73%	72%	70%	71%	Vantar niðurst.

Þar sem skimunin var lögð fyrir seint á skólaárinu verður skýrsla með niðurstöðum kynnt í skólunum í haust en þar eru dregnar saman niðurstöður fyrir Reykjanesbæ og Suðurnes og vantar þær niðurstöður því hér. En niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla sýna að þær hækka frá fyrra ári. Stjórnendur og kennarar munu rýna betur í niðurstöður þegar skýrslan kemur í hús og bregðast við þar sem þörf er á.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja fyrir Logos skimun fyrir alla nemendur í 3. 6. og 9. bekk í Reykjanesbæ með það að markmiði að sjá stöðu hvers nemanda. Þeim nemendum sem koma illa út í þessum skimunum er boðið að fara í nánari Logos greiningu eða fá einstaklingsáætlun fyrir leshraða eða lesskilning í skólanum. Aðallega eru skoðaðar niðurstöður úr leshraða og lesskilning og eru viðmiðin þau að nemandi undir 15 er í hættumörkum og þarf nánari skoðun, markvissari kennslu og frekari námsúræði. Nemandi sem er á milli 15-30 eru með vægari erfiðleika og ættu að ná færninni með frekari þjálfun í skóla sem og heima. Hér er hægt að skoða niðurstöður hjá 3., 6. og 9. bekk skólaárið 2014-2015 og skoða í samanburði við síðustu ár:

Leshraði:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2011-2012	42,4%	15,2%	42,4%	100%
2012-2013	58,1%	6,5%	35,4%	100%
2013-2014	69,7%	12,12%	18,18%	100%
2014-2015	58,6%	10,4%	31,0	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2011-2012	48,4%	12,9%	38,7%	100%
2012-2013	60,0%	20,0%	20,0%	100%
2013-2014	56,67%	6,67%	36,66%	100%
2014-2015	25,8%	12,9%	61,3%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2012-2013	68,4%	0%	31,6%	100%
2013-2014	39,13%	15,22%	45,65%	100%
2014-2015	55,1%	28,6%	16,3%	100%

Lesskilningur:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2011-2012	51,5%	21,2	27,3%	100%
2012-2013	51,6%	19,4%	29,0%	100%
2013-2014	66,67%	24,24%	9,09%	100%
2014-2015	41,4%	20,7%	37,9%	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2011-2012	45,1%	19,4%	35,5%	100%
2012-2013	52,0%	20,0%	28,0%	100%
2013-2014	63,33%	13,33%	23,34%	100%
2014-2015	54,8%	9,7%	35,5%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2012-2013	73,7%	10,5%	15,8%	100%
2013-2014	45,65%	34,78%	19,57	100%
2014-2015	71,4%	18,4%	10,2%	100%

Þriðja árið í röð skima kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar stærðfræðifærni nemenda í 3. og 6. bekk með Talnalykli. Í Talnalykli eru skimað eftir færni í grunnþáttum sem nemendur á þessum aldri eiga að vera búin að ná tökum á. Mikilvægt er að nemendur nái yfir 70% í réttum svörum. Niðurstöður hjá 3. og 6. bekk skólaárið 2014-2015 voru eftirfarandi:

3. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2012-2013	70,1%	29%
2013-2014	17,65%	82,35%
2014-2015	69%	31%

6. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2012-2013	24%	76%
2013-2014	15,63%	84,38%
2014-2015	34,4%	65,6%


Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Niðurstöður á Læsi 2 fyrir þetta skólaár hækka frá síðasta skólaári en tölur frá Reykjanesbæ og frá Suðurnesjum eru ekki komnar svo ekki er hægt að miða við svæðið. Skýrsla með niðurstöðum kemur haust 2015.
- Í Logos skimun sem lögð er fyrir í 3., 6. og 9. bekk sjáum við að of margir nemendur í 3. og 6. bekk eru að koma út undir hættumörkum. Við greiningu á niðurstöðum var farið yfir að margir nemendur í 3. bekk eru í lestrarþjálfun í Lestrarsnillingum vegna þess hversu hæglaes þau eru og einhverjum af þeim var vísað í nánari greiningu í Logos. Niðurstöður í 6. bekk voru mjög slæmar og í framhaldi var farið í lestrarátak með öllum hópnum sem var stýrt af stjórnendum í samstarfi við foreldra. Átakið tókst mjög vel og sýndu margir nemendur framfarir. Hjá nemendum í 9. bekk voru of margir í miðhópnum þ.e. milli 15 og 30 og var farið í einstaklingsátak hjá þeim sem þurftu.
- Allir kennarar vinna eftir *Lestrarstefnu* skólans og nemendur taka hraðapróf með reglulegu millibili. Þeir nemendur sem ná ekki lágmörkum fá einstaklingsáætlun sem þeir vinna heima og í skóla.
- Niðurstöður Talnalykils koma ágætlega út hjá nemendum 3. bekkjar í ár en ekki svo vel hjá nemendum 6. bekkjar. Að vísu voru margir mjög nálægt 70% markinu. Stærðfræðikennurum fengu kynningu á niðurstöðum frá kennsluráðgjöfum FRÆ og unnu í framhaldi með þær niðurstöður.
- Mjög flott starf og stuðningur sem kennslufulltrúar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar veita með skimunum svo hægt er að bregðast við því sem bæta má sem fyrst.

6.4.4 Agamál – líðan - einelti

Á námsmatsdegi í janúar 2015 tóku foreldrar þátt í könnun um upplifun þeirra af PBS agakerfinu. Niðurstöður styðja PBS teymið í áframhaldandi vinnu í að viðhalda verkefninu. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:


- Mikill meirihluti foreldra er ánægður með PBS agakerfið, 93% foreldra hafa mjög góða eða góða upplifun af agakerfinu sem eru mjög svipaðar niðurstöður frá því í fyrra.
- 84% foreldra sem svöruðu telja að PBS agakerfið hafi jákvæð áhrif á hegðun barns síns.



Líðan nemenda og einelti.


Innleiðing á forvarnarkerfinu Stöndum saman – gegn einelti, sem er unnið í anda PBS agakerfisins hófst skólaárið 2010-2011 og heldur áfram enda hefur það gefið góða raun. Nemendur fá kennslu á æskilegum viðbrögðum og þjálfun eftir því í hvaða hlutverki þau geta verið.

Samkvæmt niðurstöðum í foreldrakönnun í janúar þá segja 87% að þau séu mjög eða frekar sammála því að barninu þeirra líði vel í skólanum. 85% foreldra eru því mjög eða frekar sammála að samskipti milli nemenda eru góð og 86% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum. Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar niðurstöðum á þessum spurningum á síðasta skólaári.




Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins kemur fram að 89,2% foreldra telja að þeirra börnum líði mjög eða frekar vel í kennslustundum (sjá mynd).

2.4.1 ... í kennslustundum




Sé spurt um líðan nemenda í frímínútum þá kemur í ljós að 92,5,7% foreldra telja að börnum þeirra líði mjög eða frekar vel í frímínútum. En 7,6% foreldra telja að börnum sínum líði frekar eða mjög illa í frímínútum.

2.5.1 ... í frímínútum




Í Skólapúlsinum kemur einnig fram að 91,4% foreldra sem svara þar eru mjög eða frekar sammála því að velur tekið á agavandamálum í skólanum.

1.1.3 Ég er ánægð(ur) með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum*




Í þarfagreiningu PBS sem er framkvæmd að vori kemur fram að 79% starfsmanna telja að notaðar séu fyrirbyggjandi aðferðir með Stöndum saman, forvarnarkerfi fyrir einelti. Í foreldrakönnun Skólapúlsins er spurt um hvernig foreldrar upplifa vinnu við eineltisáætlun skólans.

2.9.1 Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?*



Alls telja 90,7% foreldra að það sé unnið mjög eða frekar vel eftir eineltisáætlun skólans en 9,3% foreldra frekar illa eða mjög illa. Af þeim foreldrum sem segja að sitt barn hafi orðið fyrir einelti í skólanum þá segja 68,7% að brugðist hafi verið mjög eða frekar fljótt við en 31,2% mjög eða frekar seint við eineltinu frá hönd skólans. Þá kemur einnig fram að 80% þeirra foreldra segja skólann hafa tekið mjög eða frekar vel á einelti sem barnið þeirra lenti í en 20% frekar eða mjög illa. Í spurningu um tíðni eineltis þá eru 9,8% foreldra sem svara að það hafi átt sér stað á þessu skólaári eða foreldrar alls 9 nemenda. Það eru fleiri en hafa tilkynnt eineltismál til eineltisteymis skólans.

2.6.1 Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?



Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar eru almennt ánægðir með PBS agakerfið og áhrif þess á þeirra barn.
- Meirihluti foreldra segja að barninu þeirra líði vel í skólanum, bæði í kennslustundum og í frímínútum.
- Mikilvægt er að kanna betur hlutfall nemenda sem líður ekki vel í kennslustundum og frímínútum að mati foreldra.
- Vikulegir bekkjartímar á unglingastigi og einstaklingsviðtöl kennara á unglingastigi nýtast til að finna þá nemendur sem líður ekki nógu vel.
- Virkt eineltisteymi starfar í skólanum eftir skýrum verklagsreglum og eru foreldrar ánægðir með vinnu teymis.

- Mikilvægt er að skoða hvers vegna foreldrar sem upplifa að barnið þeirra sé lagt í einelti tilkynni ekki grun eineltis til eineltisteymis skólans.
- Virkt eftirlit er í frímínútum, þ.e. ákveðið kerfi sem útbúið var í tengslum við PBS þar sem allir í útigæslu eiga sitt svæði sem þeir sjá um.
- Miklar væntingar eru til þess að líðan nemenda í frímínútum eigi eftir að aukast eftir innleiðingu á Vinaliðaverkefni nú á vormánuðum.

6.5 Kennsluaðferðir og mat

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar.


Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2015 kemur fram að í spurningum um samvinnu og samráð um kennslu eru kennarar í Njarðvíkurskóla undir landsmeðaltali og sérstaklega í þættinum samvinna um kennslu eða -0,6 stig.

5.4. Samráð um kennslu	4,6	39	5,0	1.538	-0,4
5.5. Samvinna um kennslu	4,5	38	5,1	1.487	-0,6*

Kennarar upplifa góðan faglegan stuðnings skólastjóra en hann mælist í 6,2 stig en landsmeðaltal er 5,0. Það kom einnig fram í umræðum sem sköpuðust milli stjórnenda og kennara eftir stjórnendaheimsóknir og styrkir það þá niðurstöðu. Í innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá hefur verið unnið að því að gera námsmat fjölþættara og meira leiðbeinandi fyrir nemendur og foreldra eins og með mati á lykilhæfni. Niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins eru þó ekki að mæla þetta þar sem áhersla kennara á námsmat með prófum er hærra en landsmeðaltal og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er töluvert lægri hjá okkur en landsmeðaltal eða -22,9%.

4.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	34,2%	13 _{/38}	22,4%	346 _{/1545}	11,8%
4.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	50,0%	19 _{/38}	72,9%	1154 _{/1584}	-22,9%*

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að við erum yfir landsmeðaltali í ánægju foreldra með nám og kennslu og í öllum árgöngum (sjá mynd)




Þá kemur einnig fram í Skólapúlsinum að 76,7% foreldra telur að skólinn leggi hæfilega áherslu á námsmat með hefðbundnum prófum sem er rétt undir landsmeðaltali en 78,2% foreldra telja að skólinn sé með hæfilega áherslu á annað námsmat en hefðbundin próf sem er rétt yfir landsmeðaltali.

1.6. Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	76,7%	69 _{/90}	77,2%	4909 _{/6362}	-0,5%
1.7. Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	78,2%	68 _{/87}	77,3%	4788 _{/6195}	0,9%

Þegar foreldrar eru spurðir um hversu vel skólinn stendur sig í að mennta nemendur þá svara 95,6 % foreldra að þeir séu því mjög eða frekar sammála (sjá mynd).

1.1.5 Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur




Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Huga þarf betur að samvinnu og samstarfi kennara
- Kennarar upplifa góðan faglegan stuðning skólustjóra
- Meirihluti foreldra ánægðir með kennslu á öllum stigum
- Foreldrar almennt mjög ánægðir með hversu vel skólinn stendur sig í að mennta nemendur.


6.6 Samskipti við foreldra.

Í foreldrakönnun í janúar 2015 eru 98% foreldra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska foreldra og 100% foreldra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel. Nær allir, eða 99% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að þeir séu velkomnir í skólann og 96% foreldra segjast fylgjast vel með námi barns síns (sjá mynd). Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að 70,3% foreldra segjast hafa áhrif á ákvarðanir varðandi börnin sín en það er 14,7% herra en landsmeðaltal sem er 55,6%.

4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	70,3%	64 _{/91}	55,6%	3461 _{/6230}	14,7%*
--	-------	-------------------	-------	-----------------------	--------



Á foreldradögum í október, janúar og apríl mæta foreldrar ásamt nemenda til viðtals við umsjónarkennara og er á milli 70-100% mæting foreldra með börnum sínum í viðtöl. Í foreldraviðtalinu í janúar var farið yfir mat á lykilhæfni en það mat fór fram alla haustönnina. Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar í janúar 2015 í 3., 6. og 9. bekk voru foreldrar mjög ánægðir með það viðtal (sjá mynd).



Foreldrar mæta í viðtal til umsjónarkennara en fag-, list- og verkgreinakennarar eru til viðtals í þeirra heimastofum. Kennarar koma athugasemdum foreldra til réttra aðila innan skólans, hvort sem það eru fag- og sérgreinakennarar eða stjórnendur.

Á kynningum á fyrirkomulagi valgreina í 8.-10. bekk mæta foreldrar sæmilega og á kynningu að vori fyrir foreldra væntanlegra nemenda í 1. bekk er góð mæting. Ágæt mæting foreldra var á skólakynningar að hausti þar sem stjórnendur kynntu mat á lykilhæfni og kennarar kynntu ýmsa hagnýt atriði fyrir skólaárið er varða kennslu, námsmat og önnur atriði. Allar skólakynningar þetta skólaárið voru seinnipart dags. Foreldrar skila miða í skóla hvort þeir

ætli að mæta eða ekki og er hringt í þá sem ekki skila. Hefur það öruggleg áhrif á góða mætingu foreldra á þessa fundi.

Mjög gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og skólaráðs. Skólaráð fer yfir skólanámskrá á hverju hausti og gefur umsögn um hana. Tekið er tillit til umsagnar ráðsins.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar upplifa að þeir hafi áhrif á ákvarðanir varðandi nám barna sinna en það kemur bæði fram í Skólapúlsum sem og viðhorfskönnun á foreldraviðtalsdegi.
- Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála því að þeir treysti starfsfólki skólans.
- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og skólaráð er virkt
- Foreldrar mæta vel í flestum árgöngum á fundi á foreldradögum og nær allir fylgjast vel með námi barnanna sinna
- Foreldrar upplifa að þeir séu velkomnir í skólann.

7. Aðgerðaáætlun

Á grunni sjálfsmatsskýrslu þessarar verður unnin áætlun um aðgerðir og sjálfsmat til næstu þriggja skólaára eða til vors 2016.

7.1. Umbætur 2014-2015:

Í kjölfar þessa mats sem hér hefur farið fram verður á komandi starfsári unnið að eftirfarandi úrbótum.

- Haldið áfram að vinna eftir Lestrarstefnu skólans og kynna hana starfsfólki, nemendum, foreldrum og fræðslufyrirvöldum Reykjanesbæjar.
- Lestrarkannanir lagðar fyrir hvern árgang og unnið að því að nemendur bæti lestrarhraða sinn sem og skilning.
- Unnið að auka ánægju nemenda að lestri og þá sérstaklega hjá drengjum. Virkja alla sem koma að skólasamfélaginu í þeirri vinnu. Lestrarteymið mun vinna að því ásamt því að halda utan um lestrarkennslu í skólanum.
- Snemmtæk íhlutun: Leið til læsis frá Námsmatsstofnun lagt fyrir nemendur í 1. bekk og eftirfylgniþróf fyrir nemendur í 2.-4. bekk. Brugðist við hjá þeim nemendum sem koma slakir út og unnið með þá í skóla og í samstarfi við heimilin
- Allir nemendur sem fylgja ekki árgangi með námsefni eða námsmat vinna eftir einstaklingsáætlunum sem unnar eru af kennara og undirritaðar af foreldrum í foreldraviðtali að hausti.
- Haldið áfram með kennslufyrirkomulag á unglingastigi þar sem bekkjunum er kennt saman auk minni hóps í fjölmennari bekkjum sem vinnur eftir einstaklingsnámskrá.
- Halda áfram vinnu í námsmatsteymi skólans að innleiðingu á lykilhæfni sem og ýmsum hagnýtum verklagsreglum er varða námsmat.
- Unnið að því að gera breyta skólaárinu úr tveimur önnum að einni önn til að minnka álag á nemendur og kennara varðandi próftöku og stuðla að fjölbreyttara námsmati.
- Fylgjast með líðan og heilsu nemenda. Vinna stöðugt að forvörnum gegn einelti og virkja umræðu um leiðir gegn einelti meðal nemenda. Vinna að framgangi Vinaliðaverkefnisins sem hófst í apríl 2015 sem forvörn gegn einelti og stuðlar að bættri líðan nemenda í frímínútum.
- Hafa einstaklingsviðtöl umsjónakennara í 7.-10. bekk fyrir alla nemendur, fyrir og eftir áramót.
- Vinna eftir niðurstöðum úr Logos skimun, bæði í skóla og heima í samstarfi við foreldra.

- Vinna eftir niðurstöðum úr Talnalykils skimun, bæði í skóla og heima í samstarfi við foreldra
- Vinna að því að finna leiðir til að efla metnað, áhuga og þrautseigju í námi.
- Halda áfram vinnu að bættum árangri nemenda á samræmdum prófum, vinna aðgerðaráætlanir varðandi úrbætur og kynna fyrir kennurum á yngri stigum.
- Haldið áfram vinnu við agakerfið PBS í samvinnu við aðra PBS skóla í Reykjanesbæ. Stefnt er að PBS degi starfsmanna á starfsdegi í febrúar 2016. Styrkur úr Skólaþróunarsjóði Reykjanesbæjar nýttur til fræðslu til starfsmanna.
- Afhenda öllu starfsfólki upplýsingarbækling að hausti til að upplýsa starfsmenn um ýmsa þætti skólastarfsins.

Reykjanesbæ, júlí 2015

Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri